

FRÁ RITSTJÓRA

Í þessu hefti *Uppeldis og menntunar* eru fjórar ritrýndar greinar, fjórar styttri viðhorfsgreinar og þrjár ritdómar. Ritrýndu greinarnar eru um ólík efni á sviði menntunarfræða.

Viðhorfsgreinarnar eru um stöðu þroskaþjálfunar, bæði starfsins og náms í greininni. Ritstjóri þeirra og jafnframt höfundur fyrstu greinarinnar í bálkinum er Guðrún V. Stefánsdóttir, dósent í fötlunarfræðum við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Í næsta hefti er ætlunin að birta sambærilegan bálk greina um stöðu íþróttافرæða í ritstjórn Kristjáns Þórs Magnússonar, aðjunktis við Menntavísindasvið.

Tímaritið birtir nú í fyrsta skipti svokallaðan ítardóm um bók, eða það sem á ensku er gjarna nefnt *essay review*. Fyrirkomulagið er þannig að ýmist geta höfundar haft frumkvæði að því að senda inn ítardóm eða tímaritið óskar eftir því við einhvern að rita slíkan dóm. Í báðum tilvikum er dómurinn sendur til eins aðila utan ritnefndar sem er beðinn að gefa álit og uppbyggjandi athugasemdir. Að þessu sinni er ítardómurinn um eitt rit: Skýrslu Anne Bamford um list- og menningarfræðslu á Íslandi. Jafnalgengt form ítardóma er að skrifað er um tvær til þrjár bækur, innlendar sem erlendar, sem fjalla um líkt efni. Ritnefndin vonast til þess að í framtíðinni verði unnt að birta fleiri slíka dóma. Einn ritdómanna er um erlent rit og mun það vera í annað skipti sem tímaritið birtir slíka umfjöllun um bók á erlendu máli. Loks er ritdómur um íslenska bók sem kom út í fyrra.

Tímaritið *Uppeldi og menntun* hlaut árið 2011 þá viðurkenningu að vera metið sem svokallað 15 stiga tímarit í stigamatskerfi háskólafélks, því það uppfyllir nú 17 skilyrði af 18 sem tímarit eru metin eftir. Þetta er tímaritinu og okkur sem að því stöndum hvatning til að halda áfram því góða starfi sem fyrri ritnefndir og ritstjórar byggðu upp. *Uppeldi og menntun* er nú aðgengilegt á Tímarit.is og verður hvert hefti birt þar ári eftir að það er gefið út á pappír.

Tímaritið hefur smám saman verið að færa sig yfir í það kerfi að höfundar skili greinum þegar þeim hentar en miða síður við sérstakan skilafrest fyrir einstök hefti. Enn er þó tilgreindur skilafrestur tvisvar á ári, þ.e. 1. mars og 1. september, en reynslan sýnir að heppilegast er að höfundar skili greinum um leið og þær eru tilbúnar. Leiðbeiningar til höfunda og ritrýna og upplýsingar um frágang handrita eru á vef tímaritsins, vefsetur.hi.is/uppeldi_og_menntun.

Ritnefnd og ritstjóri þakka öllum sem hafa lagt hönd á plóg við útgáfu þessa heftis: höfundum, ónefndum ritrýnum, þeim sem sjá um útgáfuna, prenta tímaritið og dreifa því til áskrifenda.

Þótt í erlendum tímaritum séu nöfn ritrýna iðulega birt í hverjum árgangi væri það í mesta lagi hægt á margra ára fresti í tímariti sem kemur út tvisvar ári ef ekki ætti að vera hægt að lesa út úr því hver ritrýnir hvað. *Uppeldi og menntun* á því láni að fagna að fjöldi fólks er reiðubúinn að rýna greinar fyrir tímaritið og skilar því verki fljótt og vel. Menntunarfræðin búa líka við það að margir stunda fræðastörf á þessu sviði og að þau eru þverfræðilegs eðlis og því er oft hægt að leita til fólks sem formlega starfar

á öðrum fræðasviðum en er sérfræðingar um aðferðir eða innihald greina sem tímarit-
inu berast. Án þess háttar þjónustu fólks, utan og innan háskólanna og utan og innan
menntunarfræðanna, væri alls ekki hægt að gefa út metnaðarfullt, ritrýnt tímarit.